

Reglur um eigin verðbréfiðskipti starfsfólks

1. gr. Tilgangur

Reglur þessar eru settar á grundvelli 5. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, 4. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, 12. gr. reglugerðar nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða, með áorðnum breytingum, svo og 63. gr. framseldrar reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013.

Reglum þessum er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaárekstra og misnotkun á trúnaðarupplýsingum og tryggja að ekki komið upp aðstæður sem leiða til þess að draga meg í efa óhlutdrægni starfsfólks við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

2. gr. Gildissvið

Þessar reglur taka til starfsfólks Stefnis. Til þeirra teljast þeir sem ráðnir eru af stjórn eða framkvæmdastjóra og þiggja laun frá Stefni. Reglurnar taka ekki til einstaklinga sem lokið hafa störfum, óháð því hvort þeir þiggja laun á uppsagnarfresti eður ei. Einstaklingur sem á beinan þátt í því að veita Stefni þjónustu samkvæmt samningi um útvistun þjónustu á sviði sameiginlegrar stýringar verðbréfasafna telst einnig starfsmaður samkvæmt þessum reglum.

Þessar reglur taka til þeirra sem teljast nátengdir starfsmanni. Við mat á því hvaða aðilar teljast nátengdir skiptir einkum máli hvort ætla meg að starfsmaður hafi aðkomu að viðskiptum viðkomandi eða hafi persónulega hagsmuni af niðurstöðu þeirra. Að lágmarki skulu eftirtaldir aðilar ávallt teljast nátengdir:

1. maki eða sambúðarmaki,
2. börn, kjörbörn og stjúpbörn sem eru á framfæri starfsmanns
3. lögaðili, ef starfsmaður eða annar nátengdur aðili hefur aðkomu að fjárfestingarákvörðunum eða fer á beinan eða óbeinan hátt með 25% eða meira af atkvæðisrétti.

Regluvörður sker úr um vafaatriði hvort aðili skuli teljast nátengdur aðili.

Starfsfólk skal upplýsa nátengda aðila um skuldbindingar þeirra aðila á grundvelli þessara reglna.

Ef nátengdur aðili fellur undir reglur annars fjármálafyrirtækis um eigin viðskipti, gilda þessar reglur jafnframt um eigin viðskipti þess aðila.

Þau verðbréfiðskipti sem þessar reglur taka til eru öll viðskipti með fjármálagerninga sem eiga sér sað utan starfssviðs hlutaðeigandi starfsmanns.

3. gr. Skyldur starfsfólks

Starfsfólk skal sýna fyrirhyggju í eigin fjármálum og gera sér grein fyrir því upplýsingaumhverfi sem það vinnur í og þeirri ábyrgð sem fylgir aðgangi að trúnaðarupplýsingum um Stefni og viðskiptavini. Starfsfólk skal ætíð gæta þess að verðbréfiðskipti þess og nátengdra aðila eigi ekki hættu á að vera álitin óviðeigandi eða tortryggileg vegna starfa þeirra fyrir Stefni.

Starfsfólki er óheimilt að afgreiða viðskipti fyrir sjálfa sig eða nátengda aðila.

Við upphaf starfs ber starfsfólki að gera grein fyrir verðbréfaeign sinni og öðrum sérstökum hagsmunatengslum sem það kann að hafa vegna einstakra útgefenda sem hafa fjármálagerninga í viðskiptum á verðbréfamarkaði. Þá skal starfsfólk gera grein fyrir sérhverjum breytingum er hafa áhrif á sérstök hagsmunatengsl viðkomandi.

Starfsfólk skal einnig gera grein fyrir tengslum sínum og aðila sem tengjast þeim fjölskylduböndum, við lögaðila, s.s. vegna stjórnarsetu, aðkomu að framkvæmdastjórn eða yfirláða (a.m.k. 25% atkvæðisréttar). Ef viðkomandi hefur ekki áhrif á fjárfestingaákvæðanir, skal starfsmaður undirrita yfirlýsingu þess efnis. Jafnframt skal starfsmaður gera grein fyrir sérhverjum breytingum á tengslum við lögaðila sem hafa verið tilkynnt.

4. gr.

Viðskipti starfsfólks með fjármálagerninga fyrir eigin reikning

Starfsfólki og nátengdum aðilum er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf ef það býr yfir trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðkomandi viðskiptum, eða ef slík viðskipti eru til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum.

4.1. Tilkynningarskylda

Starfsfólk skal óska eftir álit regluvörslu á fyrirhuguðum verðbréfavíðskiptum sínum eða tengdra aðila á því formi sem regluvörður ákveður. Skylda til að óska eftir álit regluvörslu gildir um sérhverja ráðstöfun fjármálagerninga, nema sérstaklega undanskilið í reglum þessum.

Álit regluvörslu byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gildir út viðskiptadaginn. Fari viðskipti ekki fram innan þess viðskiptadags sem álit regluvarðar er veitt skal starfsmaður afla nýs álits.

Ef regluvörður mælist gegn því að verðbréfavíðskipti eigi sér stað skal fara með slíkt sem trúnaðarmál og er óheimilt að veita öðrum ráðleggingar um viðskipti með sömu fjármálagerninga.

4.2. Lágmarks eignarhaldstími

Starfsfólki og nátengdum aðilum er óheimilt að selja verðbréf innan 30 daga frá því þau voru keypt, nema söluvirði sé lægra en upphaflegt kaupverð. Óska þarf eftir álit regluvörslu fyrir þeirri sölu í samræmi við þessar reglur.

4.3. Takmarkanir á verðbréfavíðskiptum starfsfólks við tiltekna aðstæður

Starfsfólki er óheimilt að eiga bein viðskipti við sjóði Stefnis með aðra fjármálagerninga en þá sem sjóðurinn sjálfur gefur út.

Starfsfólki er óheimilt að fjárfesta í einstökum hlutabréfum sem skráð eru í kauphöll á Íslandi ef viðkomandi aðili starfar sem:

- Sjóðsstjóri sjóða sem markaðsettir eru til almennings og fjárfestir í hlutabréfum sem tekin hafa verið til skráningar í kauphöll á Íslandi;
- Sjóðsstjóri blandaðra sjóða sem markaðsettir eru til almennings og sjóðurinn hefur heimildir til þess að fjárfesta með beinum eða óbeinum hætti í slíkum verðbréfum;
- Þátttakandi í stjórnun slíkra sjóða með þeim hætti að jafna megi við starf sjóðsstjóra, eða
- Safnastjóri¹ á sviði eignastýringar

Sú takmörkun sem um er fjallað í 2. mgr. greinar 4.3. nær ekki til þeirra hlutabréfa sem eru þá þegar í beinni eða óbeinni eigu viðkomandi starfsmanna þegar þeir hefja þau störf sem þar eru tilgreind eða við gildistöku þessara reglna, en er þó óheimilt að auka við þá eign. Sala þeirra hlutabréfa skal fara eftir því sem fram kemur í þessum reglum.

Fjárfesting í hlutabréfum, beint eða óbeint, svo sem kaupréttur að hlutabréfum, útgefnum af Arion banka hf. (hér eftir Arion banki), falla ekki undir takmörkun 2. og 5. mgr. greinar 4.3.

Safnastjóra á sviði eignastýringar er óheimilt að eiga í viðskiptum með fjármálagerninga, ef eignastýring hefur f.h. viðskiptamanna átt í viðskiptum með sama fjármálagerning á næstliðnum tveimur viðskiptadögum eða hyggst f.h. viðskiptamanna, eiga viðskipti með sama fjármálagerning á þeim tíma

¹ Portfolio Manager

er safnastjóri sendir inn beiðni um viðskipti. Hið sama gildir um annað starfsfólk sem hefur upplýsingar um viðskipti eða fyrirhuguð viðskipti eignastýringar f.h. viðskiptamanna.

4.4. Viðskipti með fjármálagerninga útgefna af Arion banka

Starfsfólki Stefnis og nátengdum aðilum er aðeins heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga sem Arion banki hefur gefið út á tilteknu tímabili, sem hefst einum viðskiptadegi eftir að bankinn hefur birt opinberlega árs hlutareikning, ársreikning eða lýsingu og stendur í 30 daga þar á eftir. 4.5. Varsla fjármálagerninga

Starfsfólk skal í eftirlitsskyni, vista verðbréf sín á vörslureikningi hjá Arion banka og sama gildir um eignarhaldsfélög í eigu starfsfólks. Nýtt starfsfólk skal flytja vörslu á verðbréfaeign sinni til Arion banka innan 30 daga frá því að viðkomandi hefur störf hjá Stefni. Óheimilt er að varsla hlutabréf á safnreikningi.

5. gr. Undanþágur

Starfsfólki er óskýlt að óska eftir álitu regluvörslu í eftirfarandi tilvikum:

- a) Viðskipti með Stefnir – Lausafjár sjóð og Stefnir - Sparifjár sjóð, að því tilskildu að viðkomandi starfsmaður taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs;
- b) Verðbréfa viðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu án aðkomu viðkomandi starfsmanns eða nátengds aðila;
- c) Viðskipti með verðbréf sem tilheyra ekki íslenskum markaði að því gefnu að uppgjör eða verðþróun þeirra taki ekki mið af þeim markaði;
- d) Hefðbundin viðskipti með viðskiptabréf (en ekki hlutabréf), þ.m.t. óskráð skuldabréf, víxla og tryggingabréf, er tengjast eigendaskiptum fasteigna eða ökutækja;
- e) Ef um er að ræða móttöku fjármálagernings vegna gjafar, skipta, arfs eða arðgreiðslu í formi hlutafjár;
- f) Ef um er að ræða tilboð um yfirtöku eða samruna án skilyrða;
- g) Þátttaka í almennum útboði þar sem áskrift nemur ekki hærri fjárhæð en 10 m.kr.
- h) Ef um er að ræða áskrift í verðbréfasjóðum eða sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta þarf ekki að óska eftir álitu við upphaf áskriftar og ekki heldur vegna sérhverrar breytingar á áskrift, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - Að viðkomandi starfsmaður starfar ekki sem sjóðsstjóri viðkomandi sjóðs;
 - Að viðkomandi starfsmaður tekur ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs með öðrum hætti þannig að jafna megi við starf sjóðsstjóra, og;
 - Gegn því skilyrði að áskrift hafi verið óbreytt í a.m.k. 3 mánuði ef um breytingu er að ræða, þ.á.m. þegar áskrift er hætt.
- i) Ekki þarf að óska eftir álitu regluvörslu um kaup og innlausn í verðbréfasjóð eða sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta gegn því skilyrði að:
 - Fjárhæð viðkomandi viðskipta sé innan við 10 m.kr.;
 - Að viðkomandi starfsmaður starfi ekki sem sjóðsstjóri viðkomandi sjóðs;
 - Að viðkomandi starfsmaður taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs með öðrum hætti þannig að jafna megi við starf sjóðsstjóra, og;
 - Eignarhald hefur verið a.m.k. 30 dagar þegar um innlausn er að ræða.

Viðskipti samkvæmt a) – d) lið 1. mgr. eru einnig undanskilin skilyrði um lágmarks eignarhaldstíma og vörslu hjá Arion banka.

6. gr. Heimildir regluvarðar

Í samræmi við tilgang reglna þessara getur regluvörður tímabundið bannað eða skilyrt viðskipti með tiltekna fjármálagerninga, almennt eða gagnvart einstökum starfsmönnum, án rökstuðnings.

Regluvörður getur ákveðið fyrir fram, við sérstakar aðstæður, að lengja lágmarks eignarhaldstíma skv. 4. gr.

Við sérstakar aðstæður og ef þess er óskað áður en viðskipti eiga sér stað, getur regluvörður veitt undanþágu, með eða án skilyrða, frá:

- a) skyldu til að óska eftir álit;
- b) gildistíma álits;
- c) lágmarks eignarhaldstíma;
- d) skyldu til að vista fjármálagerninga á vörslureikning hjá Arion banka.
- e) Sérstökum skilyrðum skv. 4. gr.

Regluverði er heimilt að óska eftir álit framkvæmdastjóra á tilteknum fyrirhuguðum viðskiptum starfsfólks og nátengdra aðila, auk þess sem regluverði ber að veita framkvæmdastjóra reglulega yfirlit yfir verðbréfaeign og viðskipti starfsfólks. Regluverði er á sama hátt heimilt að veita stjórnarformanni Stefnis upplýsingar um viðskipti framkvæmdastjóra.

Starfsfólki er skylt að veita regluvörslu umboð til að óska eftir hreyfingaryfirliti og stöðu vörslureikninga sinna og nátengdra aðila, utan Arion banka, ef regluvörður fer fram á slíkt í eftirlitsskyni.

7. gr. Eftirlit og skrá yfir viðskipti starfsfólks

Regluvörður viðhefur eftirlit með framfylgni reglna þessara og skal tryggja að allt starfsfólk fái reglulega fræðslu um efni þeirra.

Regluvörður skal halda skrá yfir þau viðskipti starfsfólks og nátengdra aðila sem skylt er að afla álits vegna, þar sem fram kemur dagsetning viðskipta, tegund fjármálagernings og nánara auðkenni og heildarfjárhæð viðskipta.

8. gr. Viðurlög

Brot á reglum þessum geta varðað áminningu eða brottrekstur starfsmanns, auk opinberra viðurlaga.

Ef unnt er, skulu verðbréfavíðskipti starfsmanns sem ekki eru framkvæmd í samræmi við reglur þessar látn ganga til baka á kostnað viðkomandi starfsmanns. Hagnaður sem kann að myndast í slíkum viðskiptum er gerður upptækur af Stefni.

9. gr. Birthing og gildistaka

Reglur þessar skulu birtar á innra neti Stefnis og vera aðgengilegar viðskiptavinum á heimasíðu félagsins. Reglurnar skulu taka gildi við birtingu.

Reglurnar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Samþykkt af framkvæmdastjóra

20. mars 2025

Undirritunarsíða

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Guðmundur Jóhann Jónsson

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir